

# Orlof, staðarvaktafri, leyfi og fjarvistir á kandídatsári

## Áunnið orlof

Læknakandídatar í samfelldri ráðningu vinna sér inn u.þ.b. tvo daga í orlof fyrir hvern unninn mánuð. Ef kandídat gerir ekki nýjan ráðningarsaming við Landspítala að loknu kandídatsári, fær hann orlofið greitt út. Ef kandídat ræður sig í stöðu á Landspítala strax að loknum kandídatsári þá fylgir orlofið með starfsmanninum í nýja starfið. Kandídat semur þá við sitt nýja svið hvenær það er tekið út.

## Staðarvaktafri

Staðarvaktafri eru kjarasamningsbundin réttindi. Staðarvaktir unnar á einni starfsstöð ber að taka út á viðkomandi starfsstöð. Ef það tekst ekki, þá koma staðarvaktir ekki til frádráttar í lok kandídatsársins (eða við rof í ráðningu), heldur eru þær greiddar út. Ef kandídat fer strax í annað starf á Landspítala þá flyst staðarvaktafrið yfir í nýja starfið. Ef kandídat á enn inni staðarvaktafri frá fyrra ári er það greitt út í maímánuði samkvæmt kjarasamningi.

## Launað eða ólaunað leyfi

Ekki er gert ráð fyrir að kandídatar taki leyfi á starfsárinu, þó svo að hægt sé að gera undantekningar á því ef um örstutt leyfi er að ræða. Kandídatar bera þá ábyrgð á því að sækja um leyfi með góðum fyrirvara og í samráði við yfirlækni og umsjónardeildarlækni. Umsókn um leyfi er á ábyrgð læknakandíata. Hafa þarf eftirfarandi í huga:

- Orlof er ekki greitt út fyrir fram, þannig að ef óskað er eftir sumarleyfi, þá þarf kandídat að hafa áunnið sér réttindi til þess.
- Að óskað sé eftir leyfi til umsjónardeildarlæknis (og/eða stjórnmerkta aðilans í tengiliðaskjali) með góðum fyrirvara og áður en vaktaskema liggur fyrir.
- Að kandídat hafi fengið staðfestingu á leyfi frá umsjónardeildarlækni (og/eða stjórnmerktum aðila í tengiliðaskjali).
- Að tilkynna þarf um launað og ólaunað leyfi til menntadeildar. Kandídatar skulu senda tilkynningu um samþykkt leyfi í tölvupósti til [sigruni@landspitali.is](mailto:sigruni@landspitali.is).

## Veikindi

Veikindi tilkynnast til viðkomandi umsjónardeildarlæknis/skrifstofustjóra/ritara og þess sérfræðings sem er með teymið sem kandídat vinnur á. Kandídatar skili læknisvottorði til umsjónardeildarlæknis ef óskað er eftir því. Ef veikindi vara viku eða lengur, ber að skila

afriti af veikindavottorði til Sigrúnar Ingimarsdóttur, menntadeild, Ármúla 1a, sem kemur vottorðinu til launadeildarinnar. Greiðsla fyrir vottorðinu verður endurgreidd ef kvittun fylgir vottorðinu.

### **Fæðingarorlof**

Tilkynning um fæðingarorlof sendist til Sigrúnar Ingimarsdóttur ([sigruni@landspitali.is](mailto:sigruni@landspitali.is)), sem gerir ráðstafanir í kandiatablokk og lengir árið um það sem því nemur. Jafnframt skal kandiát láta viðkomandi umsjónardeildarlækna vita með góðum fyrirvara, þannig að þeir viti af því að mögulega þarf að taka tillit til aðstæðna/veikinda. Veikindavottorðum skal skilað til Sigrúnar, en kandiát þarf sjálfur að senda upplýsingar um veikindaleyfi eða möguleika á skertu starfshlutfalli til viðkomandi umsjónardeildarlæknis. Sigrún tekur á móti pappírur frá Fæðingarorlofssjóði og skrifar undir fyrir hönd menntadeildar LSH.

### **Leyfi vegna vísindastarfa**

Sótt skal um leyfi til umsjónardeildarlæknis (og/eða stjörnumerкта aðilans í tengiliðaskjali) með góðum fyrirvara vegna þátttöku í ráðstefnum. Óska má eftir því að staðarvaktafri sé nýtt vegna slíkra ferða, en slíkt verður að skipuleggja með góðum fyrirvara og mjög mikilvægt að óskir um það berist með góðum fyrirvara.

### **Lenging á kandiátsári vegna fjarvista**

Veikindaleyfi og/eða launað og ólaunað leyfi telst til fjarvista á kandiátsári og teljast vaktir þar með. Leyfðar eru samtals 112 klst. í reiknaðar fjarvistir (vaktir taldar með) á kandiátsári. Reiknaðar fjarvistir er samtals fjöldi fjarvista í klst., en hver fjarvist telur þó aldrei meira en 8 klst.

Reiknaðar fjarvistir umfram 112 klst. lengja kandiátsárið um 1 – x vikur, þ.e.:

- Reiknaðar fjarvistir umfram 112 klst. til og með 152 klst. lengir kandiátsárið um 1 viku
- Reiknaðar fjarvistir umfram 152 klst. til og með 192 klst. lengir kandiátsárið um 2 vikur
- Reiknaðar fjarvistir umfram 192 klst. til og með 232 klst. lengir kandiátsárið um 3 vikur
- Reiknaðar fjarvistir umfram 232 klst. til og með 272 klst. lengir kandiátsárið um 4 vikur, o.s.frv.

Lenging á kandiátsári verður yfirleitt á því sviði þar sem flestar fjarvistir komu til.

*Sjá nánari upplýsingar á bls. 2 í gátlista fyrir viðurkenningu á kandiátsári.*

### **Vandamál**

Komi upp vandamál í tengslum við vaktaskema og leyfi, þá er mikilvægt að leysa það í samvinnu við umsjónardeildarlækni og yfirlækni á viðeigandi sviði. Takist það ekki geta kandiátsáttar snúið sér til menntadeildar.